



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. nóvember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna breytinga á Stjórnarráði Íslands, 214. mál.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins á framangreindu frumvarpi, sbr. þingskjal 222.

Samtökin hafa kynnt sér efni frumvarpsins og leggja til eftirfarandi breytingar:

- a) Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra verði falið forræði varðandi „mótun langtímanýtingastefnu fyrir fiskistofna og eftir atvikum aðrar lifandi auðlindir hafsins“ en ekki umhverfis- og auðlindaráðherra.

Ákvarðanir um nýtingu fiskistofna og hafrannsóknir hafa verið á ábyrgð ráðherra sjávarútvegs mála í áratugi með góðum árangri. Mest þekking og reynsla varðandi nýtingu og verndun fiskistofna er innan þess ráðuneytis. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið fer með hagsmuni Íslands í viðamiklu alþjóðlegu samstarfi um nýtingu sameiginlegra fiskistofna, svo sem norsk-íslenskrar síldar, úthafskarfa, makríls, kolmunna, grálúðu og fleiri tegunda, þar sem mótun langtímanýtingar viðkomandi fiskistofna er grundvallarþáttur.

- b) Tryggt verði að fulltrúar sjávarútvegsins eigi sæti í fyrirhugaðri samstarfsnefnd undir forræði atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, sbr. k. lið 1. gr. frumvarpsins.

Góður árangur Íslands við stjórn og nýtingu fiskistofna er m.a. að þakka nánu samstarfi stjórnvalda, rannsóknaraðila og atvinnugreinarinnar og mikilvægt er að styrkja þetta samstarf enn frekar.

- c) Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra hafi sem fyrr forræði á málefnum skv. lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Áætlunin hefur verið á forræði iðnaðarráðuneytisins um langt skeið og þar hefur verið unnið faglega að undirbúningi svokallaðrar rammaáætlunar. Þar er að finna þekkingu á orkumálum og atvinnuuppbyggingu. Nauðsynlegt er að tekið verði mið af sjálfbærri þróun við undirbúning áætlunarinnar á hverjum tíma og að efnahagsleg og félagsleg sjónarmið verði höfð til hliðsjónar ekki síður en hin umhverfislegu. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er best fallið til að gæta þess að mati samtakanna.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Af framangreindu leiðir að breyta þarf til samræmis forsetaúrskurði nr. 100/2012, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

